

Mál nr. 279/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

### Sakarskipting. Ekið frá bifreiðastæði.

Gögn.

1. Málskot móttakið 1. september 2022, ásamt ljósmyndum.
2. Bréf V, dags. 12. október 2022, ásamt fylgiskjöllum þ.m.t. hljóðupptaka.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 18. október 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A sem M ók og B á Eyrarholti til móts við hús númer 4 hinn 9. júní 2022. Báðar bifreiðarnar eru tryggðar hjá V. Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning og hljóðupptaka frá fyrirtækinu Aðstoð og öryggi (AÖ) sem kom á vettvang og aðstoðaði ökumenn við gerð tjónaskýrslu. Ökumaður bifreiðarinnar A segist í framburði sínum hafa verið að aka út af bílaplani við hús númer 6 inn á Eyrarholtið í vestur. Hún hafi ekki séð bíl koma akandi sér á hægri hönd og tók því vinstri beygju inn á Eyrarholtið. Hafi hin bifreiðin birst skyndilega við hægri hlið og ekið utan í bifreiðina. Í framburði ökumanns bifreiðarinnar B kemur fram að hann hafi ekið vestur Eyrarholtið. Hann sá ekki hina bifreiðina koma sér á vinstri hönd nema rétt áður en áreksturinn varð og hafi hann því beygt til hægri upp á gangstéttina til að forðast árekstur. Kveðst ökumaður B hafa ekið í mesta lagi á 30 km/klst. hraða. M er ósáttur við að vera metinn í 100% órétti vegna árekstursins. Telur M að ökumaður bifreiðar B hafi komið upp brekkuna á miklum hraða og ekki verið með hugann við aksturinn.

V gerir ekki efnislegar athugasemdir við málskotið en sendi nefndinni öll gögn sem lágu fyrir hjá V vegna málsins, þar á meðal hljóðupptöku frá starfsmanni AÖ og niðurstöðu Tjónanefndar váttryggingarfélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður A bæri alla sök á árekstrinum.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort ökumaður B hafi ekið of hratt í aðdraganda áreksturs og/eða ekki gætt að umferð fyrir framan sig í aðdraganda áreksturs. Ágreiningslaust er að ökumaður A ók út frá bifreiðastæði og inn á Eyrarveg. Engin vitni urðu að árekstri þeim sem hér um ræðir en af myndum sem fylgdu málskoti og af hljóðupptöku frá AÖ verður ráðið að árekstur verður aðeins nokkra metra frá útkeyrslu bifreiðastæðisins sem A ók út frá. Samkvæmt 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 bar ökumanni A að veita allri umferð um Eyrarholt forgang. M ber sönnunarbyrðina fyrir því að B hafi ekið of hratt í aðdraganda áreksturs og hefur sú sönnun ekki tekist enda eins og fyrr segir liggja ekki fyrir nein gögn eða vitnaskýrslur sem styðja það. Verður því að leggja til grundvallar að orsök áreksturs sé sú að ökumaður A hafi ekki sinnt þeirri skyldu sinni að veita umferð um Eyrarholt forgang. Verður því öll sök felld á ökumann A.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir